

Sb.

112. Tillaga til þingsályktunar

[99. mál]

um jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur í húsnæðismálum og um fjárhagslega fyrirgreiðslu vegna byggingu einingarhúsa.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að endurskoða lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 58 frá 30. apríl 1973. Endurskoðun þessari skal þannig háttáð að fjármögnun og fyrirgreiðsla ríkisins við byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga, þar sem ekki hafa verið byggðar íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, verði sveitarfélögunum jafnhagkvæm og sú fyrirgreiðsla, sem veitt er við þær íbúðir sem byggðar hafa verið af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar ríkisins og Reykjavíkurborg.

Enn fremur skal þess gætt að veitt verði nægileg fyrirgreiðsla við fjármögnun til byggingar einingarhúsa, enda reynist þau samkeppnisfær um verð og gæði.

Greinargerð.

Nokkur undanfarin ár hafa stjórnvöldin stuðlað að framkvæmd þróttmikillar byggðastefnu. Stórfelld atvinnuuppbygging hefur átt sér stað um land allt. Jafnvel í þeim byggðarlögum, þar sem árstíðabundið atvinnuleysi ríkti og kyrrstaða var í öllum framkvæmdum, hefur nú skipt um til hins betra, stórvirk framleiðslutæki hafa verið keypt og atvinnulíf stendur í blóma.

Fólki fjölgar í dreifbýlinu og það hefur öðlast nýja trú á lífsbjargarmöguleika þar. Þessi þróun má ekki stöðvast. Byggðarlögum er ekki einhlíft að eignast hagkvæm framleiðslutæki. Nauðsynlegt er að sjá einnig fyrir húsnæðisþörf sveitarfélaganna í dreifbýlinu.

Vorið 1973 voru samþykkt á Alþingi lög um byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga. Þessi lagasetning var þörf og tímabær, svo sem umsóknir hinna ýmsu sveitarfélaga um íbúðalán bera gleggst vitni um.

Þó kemur í ljós við framkvæmd laganna, að þar njóta sveitarfélögin í dreifbýlinu hvergi nærri jafnhagstæðra kjara og Reykjavík og nágrannasveitarfélög hafa notið, hvað varðar byggingar samkvæmt lögum nr. 97 frá 22. des. 1965, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, samkvæmt reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 28. apríl 1967.

Það er skoðun flutningsmanns, að sveitarfélög í dreifbýli eigi skilyrðislaust að njóta sama réttar, sömu fyrirgreiðslu og ríkisvaldið hefur veitt Reykjavíkurborg við íbúðabyggingar.

Þar sem nú eru að risa á legg fyrirtæki sem byggja einingarhús í fjöldaframleiðslu og líklegt er, að þeir byggingarhættir geti orðið til þess að lækka verulega byggingarkostnað og stytta byggingartíma mjög mikið í framtíðinni, er eðlilegt, að sérstök áhersla sé lögð á það, að þeir þættir byggingariðnaðar nái að þróast.

Núgildandi lánareglur Húsnæðismálastofnunar eru þessum byggingarháttum ekki fullnægjandi, þar sem fyrirtæki sem skila næstum fullbúnum verksmiðjuframleiddum einingahúsum, svo sem Húseiningar hf. á Siglufirði, verða að festa geysimikið fé í byggingarefni og geta ekki veitt kaupendum langan greiðslufrest þar til lán Húsnæðismálastofnunar greiðast.

Flm. telur réttmætt og mjög nauðsynlegt að bundið verði í löggjöf um Húsnæðismálastofnun, hvernig þessi vandi skuli leystur á hagfelldan hátt.